


## Að þekkja uppruna sinn


### Leiðbeiningar um leit á vef Landmælinga Íslands

- Íslendingabók; <https://islendingabok.is/>
- Landmælingar Íslands: <https://lmi.is/>
  - Kortasjá; <https://kortasja.lmi.is/mapview/?application=kortasja>
  - Örnefnasjá; <https://atlas.lmi.is/mapview/?application=ORN>
- Manntöl; <https://skjalasafn.is/>
- Sóknarmannatöl; <https://skjalasafn.is/>
- Prestþjónustubækur; <https://skjalasafn.is/>

Bendill  á myndum vísar til aðgerða eða gagna sem þarf að vinna með.

Á vef Landmælinga Íslands (<http://lmi.is>) er unnt að finna staðsetningu bæja og örnefna. Á þeim vef má velja hvort sem er **kortasjá** (<https://kortasja.lmi.is/mapview/?application=kortasja>) eða **örnefnasjá** (<https://atlas.lmi.is/mapview/?application=ORN>).


Til að komast á vef Landmælinga Íslands seturðu í leitarstreng slóðina <https://lmi.is> Þú smellir á Vefsjár.



The screenshot shows the homepage of Landmælingar Íslands. The browser address bar displays 'lmi.is'. The website header includes the logo 'LANDMÆLINGAR ÍSLANDS' and navigation tabs for 'Landupplýsingar', 'Mælingar', 'Vefsjár', and 'Um LMI'. Below the header, three featured content cards are visible:

- Ferðalangurinn**: Includes links for Vefsjár, Kortasafn, Landupplýsingagátt, Örnefni, and Þrívíddarkort.
- Fagmaðurinn**: Includes links for Grunngerð, Landupplýsingagátt, Mælingar, Fjarkönnun, and Niðurhal.
- Grúskarinn**: Includes links for Söguleg gögn - ljósmyndir ðana, Kortasafn, Loftmyndasafn, Vefsjár, and Landupplýsingagátt.


Síðan til vinstri kemur upp. Þú velur annað hvort **Kortasjá** eða **Örnefnasjá** og smellir á orðið.



Ef þú velur Kortasjá kemur þessi mynd upp.




Ef þú velur Örnefnasjá kemur þessi mynd upp.




Veldu Kortasjá með því **að smella á orðið**\_Settu bendil efst á síðuna á hvítan streng þar sem **stendur Leita**. **Smeltu þar**.



Nú opnast leitarstrengur og þú setur inn bæjarnafnið Þóroddsstaðir þar sem Herdís fæddist, og smellir.



Annars setur þú inn það bæjarnafn sem þú leitar að og smellir.




Á skjánum birtist listi yfir alla staði á landinu með sama heiti, í þessu tilfalli Þóroddsstaðir. Við erum að leita að þessum bæ í Húnaavatnssýslu. Efst á listanum er Þóroddsstaðir í Húnaþingi vestra. Athugið vel hvort listinn er lengri en fyrsta mynd sýnir. Það reynist vera og þú þarft að færa stikuna niður vinstra megin til að sjá allan listann. Þóroddsstaðir í Húnaþingi vestra kemur aftur fyrir neðst á listanum en flokkast þar undir vegi. Við erum að leita að bæjarnafni og **smellum því á Þóroddsstaðir sérbýlishús** efst á listanum.

Á Íslandskortinu birtist þetta merki  og þið **slökkvið á listanum með því að smella á X** efst til hægri.

Örnefni	Sveitarfélag	Nafnberi
Þóroddsstaðir	Húnaþing vestra	Sérbýlishús
Þóroddsstaðir 2	Sveitarfélagið Ölfus	Frístundahús
Þóroddsstaðir 1	Sveitarfélagið Ölfus	Sérbýlishús
Þóroddsstaðir	Fjallabyggð	Frístundahús
Þóroddsstaðir	Fjallabyggð	Sérbýlishús
Þóroddsstaðir	Grímsnes- og Grafningshreppur	Sérbýlishús
Þóroddsstaðir 22	Grímsnes- og Grafningshreppur	Frístundahús
Þóroddsstaðir 11	Grímsnes- og Grafningshreppur	Frístundahús
Þóroddsstaðir 14	Grímsnes- og Grafningshreppur	Frístundahús
Þóroddsstaðir 15	Grímsnes- og Grafningshreppur	Frístundahús
Þóroddsstaðir	Suðurnesjabær	Sérbýlishús
Þóroddsstaðir 6	Grímsnes- og Grafningshreppur	Frístundahús
Þóroddsstaðir 4	Sveitarfélagið Ölfus	Frístundahús
Þóroddsstaðir 2	Sveitarfélagið Ölfus	Sérbýlishús
Þóroddsstaðir 2	Sveitarfélagið Ölfus	Sérbýlishús
Þóroddsstaðir 2	Sveitarfélagið Ölfus	Sérbýlishús
Þóroddsstaðir 21	Grímsnes- og Grafningshreppur	Frístundahús
Þóroddsstaðir 20	Grímsnes- og Grafningshreppur	Frístundahús
Þóroddsstaðir 7	Grímsnes- og Grafningshreppur	Frístundahús
Þóroddsstaðir 2	Grímsnes- og Grafningshreppur	Frístundahús
Þóroddsstaðir 4	Grímsnes- og Grafningshreppur	Frístundahús
Þóroddsstaðir 9	Grímsnes- og Grafningshreppur	Frístundahús
Þóroddsstaðir 10	Grímsnes- og Grafningshreppur	Frístundahús
Þóroddsstaðir 18	Grímsnes- og Grafningshreppur	Frístundahús
Þóroddsstaðir 8	Grímsnes- og Grafningshreppur	Frístundahús
Þóroddsstaðir	Fjallabyggð	Vegir
Þóroddsstaðir	Suðurnesjabær	Vegir
Þóroddsstaðir	Grímsnes- og Grafningshreppur	Vegir
Þóroddsstaðir	Þingeyjarsveit	Vegir
Þóroddsstaðir	Sveitarfélagið Ölfus	Vegir
Þóroddsstaðir	Húnaþing vestra	Vegir

Á myndinni til vinstri sést hvar Þóroddsstaðir eru. Til að finna Hrótatungu er leitarstrengurinn opnaður eins og áður. Þú eyðir út Þóroddsstöðum og setur inn Hrótatunga í staðinn og smellir á Leita. Upp kemur listi sem sýnir alla bæi á landinu sem heita Hrótatunga. Veldu Húnaþing vestra og smelltu á Hrótatunga sérbýlishús. Á mynd til hægri sést bláa merkið fyrir báða bæina.



Örnefni	Sveitarfélag	Nafnberi
Hrótatunga	Grýtubakkahreppur	Tunga
Hrótatunga	Húnaþing vestra	Tunga
Hrótatunga	Borgarbyggð	Graslendi
Hrótatunga	Dalabyggð	Tunga
Hrótatunga	Rangárþing eystra	Tunga
Hrótatunga	Eyjafjarðarsveit	Tunga
Hrótatunga	Sveitarfélagið Hornafjörður	Tún
Hrótatunga	Húnaþing vestra	Sérbýlishús
Hrótatunga	Húnaþing vestra	Vegir

Það væri hægt að láta gott heita hér. Ef þú vilt geturðu látið síðuna mæla fjarlægð á milli bæjanna. Mælingin sýnir fjarlægð með beinni línu.

Efst á Íslandskortinu til hægri sérðu hringfara/sirkil. **Smelltu á hann.**

Bláir hnappar birtast og þú **smellir á þann efri**. Síðan færirðu **bendilinn á mjóa oddinn á öðru bæjarmerkinu og smellir**. **Farðu svo með bendilinn á hitt bæjarmerkið (oddinn) og smelltu**. Þegar þú færir bendilinn á milli bæjanna áttu ekki að halda vinstri músarinnar takka niðri, heldur færa á milli staða og smella þegar þú ert búin/n að stilla bendli á bæjarmerkið. Fjarlægð á milli bæjanna eru í beinni línu um 11 km.

